

Nd.

308. Nefndarátt

um frumv. til laga um mentamálanefnd Íslands.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin telur rjett að lögfesta þá skipun, sem frv. gerir ráð fyrir, en állt-ur rjett að breyta frv. í nokkrum atriðum, sem meira snerta form en efni.

Eftir frv. er mentamálanefnd Íslands ætlað töluvert viðtækt vald og umfangsmikið starf, þegar stundir líða. Þykir oss þess vegna tryggilegra að hafa hana skipaða fimm mönnum en þrem. Einnig þykir betur fara á því að ákveða þegar í upphafi einhverja árlega þóknun til nefndarmanna í fjárlögum, svo sem 200 kr. hverjum. Ennfremur viljum vjer láta söfnuði frjálssa um það, hvort þeir nota milligöngu nefndarinnar við kaup á altaristöflum eða ekki.

Út af framansögðu leggjum vjer til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
 - a. Fyrir »þriggja« í fyrsta málslið komi: fimm.
 - b. Fyrir »mentamálanefnd« í sama málslið komi: mentamálaráð.
 - c. Fyrir »Nefndin skiftir sjálf« í þriðja málslið komi: mentamálaráðið skiftir sjálft.
 - d. Fyrir »og starfar . . . með fjárlögum« komi: og skal þóknun fyrir störf þess ákveðin í fjárlögum. Annar nauðsynlegur kostnaður greiðist af skrifstofufje stjórnarráðsins.
2. Við 2. gr.
 - a. Fyrir »mentamálanefndar« í upphafi greinarinnar komi: mentamálaráðs.
 - b. Fyrir »á fjárlögum« í b-lið komi: í fjárlögum.
 - c. Við d-lið. Liðurinn orðist svo:

Að kaupa altaristöflur í kirkjur þjóðkirkjusafnaða, ef þess er óskað og fje er lagt fram til kaupanna.
 - d. Fyrir »nefndin« í öðrum og fjórða málslið e-liðar komi: Mentamálaráðið.
 - e. Fyrir »mentamálanefnd« í g-lið komi: mentamálaráðinu.
3. Við fyrirsögn. Fyrir »mentamálanefnd« komi: mentamálaráð.

Alþingi, 24. febr. 1928.

Ásgeir Ásgeirsson, Sveinn Ólafsson, Jóhann P. Jósefsson.
form. frsm.

Lárus Helgason. Magnús Jónsson,
með fyrirvara um sjálft frv.